



Skóla- og frístundaráð

Á fundi skóla- og frístundaráðs 22. ágúst 2022 var lögð fram fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um frístundaakstur.

Óskað er upplýsinga um tilhögun frístundaaksturs frá frístundaheimili í íþróttir og tómsfundastarf. Óskað er eftir að fá upplýsingarnar sundurgreindar eftir skólum.

Fyrirspurninni var vísað til Íþróttta- og tómsfundasviðs til umsagnar.

Á fundi menningar-, íþróttta- og tómsfundaráðs 31. október 2022 var lögð fram hjálögð umsögn Íþróttabandalags Reykjavíkur og Íþróttta- og tómsfundasviðs um frístundaakstur.

Virðingarfyllst,

Steinþór Einarsson,
starfandi sviðsstjóri ÍTR.

Umsögn við fyrirspurnum varðandi frístundaakstur

5.október 2022

Þann 28. september bárust fyrirspurnir um frístundaakstur til ÍTR, frá Sjálfstæðisflokknum til SFS, frá KR og frá umboðsmanni barna. Fyrirspurnirnar varða umfang aksturs og hvernig fylgd er háttað sundurgreint eftir skólum.

Reykjavíkurborg hefur lengi stutt við frístundaaksturinn, bæði með fjárstuðningi til félaganna og með aðstoð við að koma börnum frá frístundaheimilum á íþróttæfingar. Það hefur alltaf verið lykilatriði að með börnunum fylgi starfsfólk frístundaheimilanna enda það talið sjálfsagt þegar stór hluti barnanna fer þaðan á æfingar félaganna og foreldrar að greiða „heilsdagsgjald“ til frístundaheimilinna. Samræmdar reglur voru settar á sínum tíma af stýrihóp Frístundakstursins, fulltrúum SFS og ÍBR, en af einhverjum orsökum hefur ekki gengið eftir að framfylgja þeim nema hjá einstaka félögum. Óánægju gættir hjá þeim félögum sem hafa séð um fylgdina sjálf þar sem kostnaður vegna akstursins hefur hækkað meira en nemur stuðningi borgarinnar. Sum félög hafa því sett gjald á aksturinn sem forráðamenn hafa greitt fyrir á meðan önnur félög hafa ekki farið þá leið og leitað eftir frekari stuðningi frá borginni.

Nýleg dæmi hafa sýnt fram á mikilvægi fylgdar í vögnunum til að tryggja öryggi barna. Jafnframt hefur lengi verið talað um hvort hægt væri að samræma betur aksturinn m.a. með tilliti til gjaldtöku og þeirra aðila sem sjá um fylgdina þ.e. frístundaheimilanna og íþróttafélaganna. Ekkert gjald hefur verið innheimt af forráðamönnum þar sem frístundaheimilin hafa séð um fylgdina líkt og í Breiðholti. Ein leið til að samræma væri því að gera þjónstuna gjaldfrjálsa sem þýðir meira fjármagn frá borginni. Starfshópurinn telur mikilvægt að frístundaaksturinn verði áfram enda kostirnir ótvíræðir. Æfingar geta byrjað fyrr á daginn sem stuðlar að betri nýtingu mannvirkjanna, unglingar æfa fyrr á kvöldin, bílferðum fækkar og allir hafa sömu tækifæri til að sækja æfingar. Jafnt aðgengi barna til að stunda íþróttir ætti að vera öllum mikilvægt. Ekki bara gagnvart þeirri þjónustu sem veitt er heldur einnig því gjaldi sem er innheimt.

Staðan í dag er sú flest íþróttafélög sjá bæði um aksturinn og fylgdina samanber viðaukaskjal. Þó er undantekning á því í Breiðholti þar sem að frístundaheimilin sjá um fylgdina og í Grafarvogi þar sem hægt er að nýta Strætó bs. Félögin hafa tekið ákvörðum um að samræma gjaldskrána fyrir frístundaaksturinn og að bjóða alltaf upp á fylgd. Það hefur haft í för með sér verulegar hækkningar á kostnaði foreldra.

	A	B	C	D	E	F	G	H
1		Grunnskóli/frístundaheimili	Akstur		Fylgd			Fjöldi
2			Íþróttafélag	Strætó bs.	Íþróttafélag	Fristund	Samstarf	Fjöldi barna
3	Fram							
4		Ingunnarskóli	x		x			15
5		Sæmundarskóli	x		x			13
6		Dalskóli	x		x			38
7		Aðrir	x					14
8	Ármann/Þróttur							
9		Vogaskóli/Vogasel	x		x			40
10		Langholtsskóli/Glaðheimar	x		x			30
11		Dalheimar						7
12		Laugarnesskóli/Laugarsel	x		x			50
13	Fylkir							
14		Ártúnsskóli	x		x			7
15		Árbæjarskóli	x		x			4
16		Seláskóli	x		x			9
17		Norðlingaskóli	x		x			21
18	Víkingur							
19		Hvassaleitisskóli	x				x	15
20		Breiðagerðisskóli	x			x		50
21		Fossvogsskóli			x			50
22	KR							
23		Melaskóli	x		x			60
24		Vesturbæjarskóli	x		x			26
25		Landakotsskóli	x		x			15
26		Grandaskóli			x			
27	Vafur							
28		Háteigsskóli	x		x			103
29		Ísaksskóli	x		x			169
30		Austurbæjarskóli	x		x			32
31		Hlíðaskóli	x		x			111
32	ÍR/Leiknir *							
33		Ölduselsskóli	x			x		
34		Seljaskóli	x			x		
35		Breiðholtsskóli	x			x		
36		Fellaskóli	x			x		
37		Hólabrekkuskóli	x			x		
38	Fjölnir							
39		Rimaskóli		x	x			47
40		Foldaskóli		x	x			17
41		Húsaskóli		x	x			9
42		Hamraskóli		x	x			17
43		Borgarskóli		x	x			24
44		Engjaskóli		x	x			13
45								
46								
47								

* samstarfsverkefni við þjónustumiðstöð (og því niðurgreitt) og forráðmenn ekki rúkaðir sérstaklega